

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 279/2021

2024/EES/19/02

frá 29. október 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/545 frá 26. mars 2021 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Brasilíu, Kambódíu, Kína, Mexíkó, Suður-Afríku, Túnis, Úkraínu og Breska konungsríkinu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði í hundum, köttum og frettum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Íslandi.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 54c (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1664) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„54d. **32021 D 0545**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/545 frá 26. mars 2021 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Brasilíu, Kambódíu, Kína, Mexíkó, Suður-Afríku, Túnis, Úkraínu og Breska konungsríkinu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði í hundum, köttum og frettum (Stjtið. ESB L 110, 30.3.2021, bls. 34).

Ákvæði þessarar gerðar gilda ekki gagnvart Íslandi.“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/545, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L 110, 30.3.2021, bls. 34.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.